

mati er Akureyrarhöfn eða hafnarsjóður talinn eigandi að eignum hafnarinnar og greiðir af þeim öll opinber gjöld.

Þegar lítið er til alls þessa, sem að framan er sagt, verður ekki annað séð, en að hafnarsjóð Akureyrar beri að skoða sem sjálfstæða lögpersónu, sem eigi rétt og beri skyldur. Niðurstaða málsins verður því sú, að skoða ber hafnarsjóð Akureyrar sem sjálfstæðan hluthafa í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f og beri honum því óskertur atkvæðisréttur í félaginu fyrir hlutafé sitt að því marki, sem lög leyfa.

Ber því að sýkna stefndu af aðalkröfum stefnanda í máli þessu. Varðandi varakröfu stefnanda, lítur rétturinn svo á, að sannanir bresti fyrir því, að um málamyndagerning hafi verið að ræða, svo sem stefnandi heldur fram. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að atvinnumálaráðuneytið hafi gert neinar athugasemdir við reikninga hafnarsjóðs, síðan kaup á hlutabréfunum fóru fram, og verður því að telja, að ráðuneytið hafi fyrir sitt leyti fallið á þá ráðstöfun. Af framangreindum ástæðum verður varakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Bæjarstjórn Akureyrar og Útgerðarfélag Akureyringa h/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1953.

Nr. 61/1952. **Skipaútgæð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns

(Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952, krefst þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur gjafvarnarleyfi og hefur hann áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1952 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 212.000.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 192.000.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 182.000.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 170.000.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og verði sjóveðréttur dæmdur í v/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fyrri varakrafa: Að fébætur verði hækkaðar frá ákvæði héraðsdóms, en málskostnaður og sjóveðréttur dæmdur samkvæmt því sem segir í aðalkröfu.

Síðari varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti og sjóveðréttur dæmdur í v/s Þyrli.

Það verður að ætla, að slysið hafi orðið af völdum neista, sem komizt hefur í benzíneiminn í geymi skipsins og hleypt af stað sprengingunni. Má því rekja upptök sprengingarinnar til einhverrar bilunar í tækjum eða mistaka, þótt ekki verði talið sannað, að skipverjar hafi átt sök. Þegar lítið er til þessara atriða svo og til þess, hversu almennt hættulegt það verkefni var, sem skipverjar fengust við, þykir eðlilegt að leggja fébótaábyrgð á slysinu á aðaláfrýjanda.

Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta héraðsdóminn, enda þykir heimilt að dæma sjóveð samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum 4. tl. 236. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 56/1914.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar fjárhæð þessari.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Skipaúngerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna

hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns, kr. 7000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar s.l., hefur Hólmfríður Jónasdóttir, Sjávarborg við Lágholtsveg, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur fyrir sína hönd og ölögráða barna sinna og Skarp-héðins Jónssonar, Friðjóns, Óskar og Ingu, gegn Skipaútgærð ríkisins, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 162.000.00, auk 6% ársvaxta frá 17. september 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. janúar 1951, hefur stefnandi fengið gjafsókn í málinu. Þá krafðist stefnandi þess, að viðurkenndur yrði sjóveðréttur hennar í v/s Þyrli til tryggingar dómkröfunum.

Málavextir eru þeir, að kveldið 17. september 1948 var v/s Þyrill stött í Hvalfirði í því skyni að taka þaðan hvallýsi til flutnings. Hafði skipið áður flutt flugvélabenzín og fór um kvöldið fram hreinsun á geymum skipsins, áður en hvallýsið skyldi sett á þá. Fór hreinsun á geymunum fram á venjulegan hátt með eimingu með gufu og skolun með sjó. Samkvæmt skýrslu II. stýrimanns skipsins, Halldórs Ingþórssonar, stóð yfir eiming á geymum nr. II og III, er hann kom á vörð um kvöldið. Um kl. 19.45 var lokað fyrir gufunu til geyma þessara og hún sett á geyma nr. I og IV. Síðan voru lokin á geymum II og III opnuð bæði bakborðs- og stjórnborðsmegin. Var síðan beðið um ½ klst., en þá farið að dæla sjó niður í stjórnborðsgeymi nr. II að ofan, til þess að flýta fyrir kælingunni. Vann stýrimaðurinn að þessu ásamt hásetunum Jóni Bjarnasyni, Skarphéðni Jónssyni og Óskari Frímannssyni. Skömmu eftir að farið var að kæla geyminn fór stýrimaðurinn niður í hann og þá ljóslaus. Síðan fór hann tvisvar niður í geyminn aftur með nokkurra mínútna millibili og í bæði skiptin með ljós. Kveður stýrimaðurinn ljósið hafa verið þannig úr garði gert, að það hafi verið rafmagnshandlampi, gúmmívarinn, með gleri utan um peruna og hafi lampinn verið þéttur. Kveðst hann hafa athugað þetta sérstaklega, áður en hann fór með lampann niður. Fór stýrimaðurinn þetta oft niður í geyminn, til þess að athuga, hvort hann teldi óhætt að láta menn fara niður í hann til vinnu. Þegar stýrimaðurinn kom upp úr geyminum í þriðja skiptið, tók hann raflampann með sér og telur sig hafa lagt hann á þilfarið. Áleit hann þá, að ekki væri ennþá óhætt að láta menn fara ofan í geyminn til vinnu og lét því hásetana halda áfram að sprauta sjó í geyminn. Sjálfur gekk hann frá og fór fram undir bakka og í skonsu, sem þar er, og átti þar tal við I. vélstjóra skipsins. Kvað þá allt í einu við sprenging, og reyndist hún síðar hafa orðið í geymi skipsins

nr. II. Sprakk geymirinn og þilfar skipsins yfir honum flettist frá. Við sprenginguna fórust þeir Skarphéðinn Jónsson og Jón Bjarnason hásetar svo og þriðji maðurinn úr landi, er hjá þeim hafði verið staddur við geyminn. Óskar Frimannsson hafði hins vegar gengið frá aftur á skipið, og slapp hann og aðrir skipverjar ómeiddir. Telur stefnandi, sem var eiginkona Skarphéðins Jónssonar, að stefnda sem eiganda v/s Þyrils beri að bæta henni og börnum þeirra hjóna það fjárhagstjón, sem þau hafa orðið fyrir við missi hans. Reisir stefnandi bótakröfuna á því í fyrsta lagi, að slysið muni hafa orðið vegna ófullnægjandi útbúnaðar skipsins og í öðru lagi telur hún, að hér sé um svo hættulegan atvinnurekstur að ræða, að rétt sé að leggja fébótaábyrgð á slysförum við atvinnureksturinn á atvinnurekandann.

Með samningi, dags. 31. október 1947, milli stefnda og Eimskipafélags Íslands h/f annars vegar og Sjómannafélags Reykjavíkur hins vegar er svo ákveðið í 16. gr., að til viðbótar stríðstryggingu þeirri, sem útgerðarmenn hafi keypt skipverjum fyrir örorku og dauða samkvæmt lögum og samningi um stríðstryggingu og stríðsáhættuþóknun, dags. 7. október 1939, skulu útgerðarmenn kaupa aðra tryggingu jafnháa fyrir alla skipverja og skal sú trygging, ef til þarf að taka, greiddast sem árlegur lífeyrir til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bætunarn eiga að hljóta. Samkvæmt þessu samningsákvæði hefur stefnandi fengið greiddar kr. 42.000.00 í bætur vegna fráfalls manns síns og framfæranda barna sinna. Eru aðiljar sammála um, að þessi fjárhæð sé fullnaðargreiðsla eftir samningsákvæðinu. Fékk stefnandi greiddar kr. 20.000.00 af fjárhæð þessari 18. desember 1950, kr. 10.000.00 5. janúar 1951 og kr. 12.000.00 17. s. m.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi með samþykki stefnda kröfu sína um kr. 50.000.00, er hún krafðist sem bóta sér til handa og barna sinna fyrir röskun á stöðu og högum. Í samræmi við það og að því frádregnu, sem stefnandi hefur þegar fengið greitt, krafðist hún greiðslu á kr. 170.000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 212.000.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950 og af kr. 192.000.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 182.000.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 170.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar að skaðlausu miðað við kr. 212.000.00 fjárhæð, eins og málið væri eigi gjaf-sóknarmál, og sjóveðréttar í v/s Þyrli til tryggingar dómkröfunum.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara hefur hann krafizt þess, að frá kröfum stefnanda verði dregnar þær bætur, sem hún þegar hefur fengið greiddar samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði og frá Tryggingarstofnun ríkisins. Þá hefur stefndi mótmælt vöxtum nema frá stefnudegi, nema af kr. 42.000.00 og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið færi.

Sýknukröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að hvorki verði ófullnægjandi umbúnaði skipsins eða vangæzlu þeirra manna, er hann beri ábyrgð á, um slysið kennt. Í öðru lagi telur hann, að með fyrrgreindu

samningsákvæði hafi hann samið af sér frekari bótaábyrgð en í því felist. En með því hafi hann tryggt aðstandendum skipverja bætur, er fari langt fram úr lögboðnum bótum.

Hinn 18. september 1948 voru tveir sérfróðir og óvilhallir menn dómkvaddir í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur til að skoða skemmdir þær, sem urðu af umræddri sprengingu, öryggisumbúnað skipsins og láta í ljós álit sitt um orsakir sprengingarinnar. Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu manna, dags. 20. september 1948, töldu þeir öryggisumbúnað skipsins í lagi og gátu ekki um orsök sprengingarinnar sagt. Sjóferðapróf út af slysinu fór fram 20. september 1948 og upplýstist þar ekki, hver hefði verið orsök sprengingarinnar, sem slysinu olli.

Það er því ósannað, að ónógum umbúnaði skipsins hafi verið um slysið að kenna eða óvarkárni manna í starfi, sem stefndi bar ábyrgð á. Hins vegar er það og ósannað, að eiginmaður stefnanda hafi sýnt óvarkárni í starfi sínu. Að þessu athuguðu og þar sem telja verður flutning benzíns og vinnu í sambandi við hann sérstaklega hættulegan atvinnurekstur, þykir eðlilegt að leggja ábyrgð á slysum, sem hljótast við atvinnureksturinn, á atvinnurekandann.

Uppruni tryggingar þeirrar, er stefndu bar að kaupa samkvæmt fyrrgreindu samningsákvæði, bendir til þess, að hún hafi verið miðuð við það, að stefnda beri ekki samkvæmt lögum eða almennum reglum fébótaábyrgð á atburðum þeim, sem tryggingin tæki til. Auk þess er ákvæðið aðeins einn liður í almennum kjarasamningum milli farmanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, og ekki verður séð, að sérstakt tillit hafi við samningsgerðina verið tekið til þess hættusjónarmiðs, sem umræddum atvinnurekstri er samfara.

Þegar þetta er virt, verður ekki á það fallist hjá stefnda, að ábyrgð hans sé takmörkuð við þessa tryggingu.

Verður því að fallast á það hjá stefnanda, að hún eigi vegna sín og barna sinna rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda og vegna röskunar á stöðu þeirra og högum.

Verður nú fjárhæð bótakröfunnar tekin til athugunar.

Skarphéðinn heitinn var fæddur 25. apríl 1904. Hinn 20. júlí 1950 hefur tryggingarfræðingur reiknað út heildarverðmæti hálfra framtíðar árs-tekna fullgilds háseta á aldri Skarphéðins, þegar slysið varð, á meðan líf og starfskraftar hans kynnu að endast samkvæmt líkindareikningi, og er einnig miðað við líkindareikning um líf og starfskrafta stefnanda, sem fædd er 7. júní 1892. Við útreikning þennan er miðað við laun Skarphéðins samkvæmt framtali hans árið 1948 og nemur heildarverðmæti framfærslubóta á slysdegi samkvæmt því kr. 162.000.00, og er reiknað með, að starfskraftar manns á aldri Skarphéðins endist til 67 ára aldurs. Hafa tekjur Skarphéðins heitins, sem þessi útreikningur er miðaður við, ekki verið vefengdar. Hinn 4. þ. m. hefur tryggingarfræðingurinn reiknað heildarverðmæti út af nýju og þá miðað við hækkun þá á launavísitölu, sem orðið hefur síðan fyrri útreikningur var gerður. Eftir þessum útreikningi nemur

heildarverðmætið kr. 211.600.00. Stefnandi heldur því fram, að hún hafi verið algerlega á framfæri manns síns og hún hefði orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Samkvæmt vottorði skattstofunnar í Reykjavík, dags. 25. þ. m., átti stefnandi samkvæmt skattaframtölum 1951 og 1952 fasteignina Sjávarborg við Lágholtsveg að fasteignamati kr. 10.200.00, en skuldir voru engar taldar. Börn stefnanda og Skarphéðins heitins eru talin fædd sem hér segir: Inga 18. maí 1933, Ósk 1. apríl 1935 og Friðjón 2. september 1936.

Að athuguðum þeim atriðum, sem hér að framan eru rakin, þykir tjón stefnanda og barna hennar vegna missis Skarphéðins heitins hæfilega áætlað í heild kr. 150.000.00 og eru þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu þeirra og högum.

Auk þeirra kr. 42.000.00, sem stefnandi hefur fengið greitt samkvæmt framansögðu, hefur hún fengið og fær greiddar sem lífeyrisgreiðslur vegna sín og barnanna frá Tryggingarstofnun ríkisins, samtals að heildarverðmæti kr. 26.387.00. Þykir sú fjárhæð auk umræddra kr. 42.000.00 eiga að koma til frádráttar tjóni því, sem stefnandi er talin hafa beðið samkvæmt framansögðu. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda vegna hennar og barnanna mismuninn, kr. 81.613.00, auk 6% ársvaxta af kr. 123.613.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 103.613.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 93.613.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 81.613.00 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir atvikum og öllum mála-vöxtum þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað. Ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns, kr. 81.613.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 123.613.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 103.613.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 93.613.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 81.613.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.